

Minnisblað dags: 25.08.2021 KIA
Heiti: Staða framkvæmda
Fyrirtæki: Dalabyggð, Dalaveitur ehf.
Inngangur: Farið yfir stöðu helstu framkvæmda á vegum Dalabyggðar.
Athugasemdir: Uppfærslur og viðbætur frá síðustu útgáfu eru undirstrikaðar með rauðu letri.

Dalaveitur ehf:

Ísland ljóstengt 2021 (LJÓS21)

Dalabyggð hefur fengið úthlutun úr Ísland ljóstengt 2021 til tengingar á þremur stöðum. Til stendur að kalla eftir umsóknum frá notendum viðkomandi staða. Í framhaldinu verða lagnaleiðir yfirfarnar og heimtaugarnar plægðar í sumar og tengdar.

Hnitsetningu sumarið 2021 er lokið. Náðist að klára öll svæði sem til stóð, en enn eru eftir stöku heimtaugar í syðri hluta kerfisins og styttri kaflar sem þarf að klára.

Dalabyggð, fjárfestingar:

Íþróttamiðstöð í Búðardal, undirbúningur (ÍPRBDL)

Áætlunargerð og hönnun á íþróttamiðstöð. Gerð kostnaðaráætlana, frumhönnun, forhönnun o.s.frv. með vörðum. Sérstakur starfshópur sveitarstjórnar fylgir verkefninu eftir.

Staða: Fyrir liggur frumhönnun og kostnaðaráætlun sem hefur verið lögð fyrir sveitarstjórn sem hefur veitt starfshópi heimild til að hefja undirbúning á alútboði. Sú vinna verður unnin af Verkís og Alark.

Áætlun: Verkís er að undirbúa auglýsingu forvals, sem er ætlað að kanna stöðu á byggingamarkaði og velja úr þá aðila sem uppfylla skilyrði um að taka þátt í alútboði um verkið. Samhliða er unnið að kynningu meðal hagsmunaaðila og undirbúning tæknilýsinga og ítarlegri hönnun.

Dalabúð, kjallari (DALAB'21)

Leggja nýtt gólfefni á kjallaragólf vesturálm (salerni + fatahengi), loka af og setja hurð (m.a. flóttaleið) yfir í geymslur undir matsal. Mála og gera rými þrifalegt og nothæft fyrir útleigu félagsheimilis.

Staða: Gerð var verðkönnun í júlí þar sem Dalir Verktakar skiluðu inn verði sem var tekið. Framkvæmdir fóru fram í ágúst og er allri smíðavinna lokið.

Áætlun: Rýmið verður málað á næstu dögum. Að lokum verða settir upp nýir lampar.

Auðarskóli, viðhald (GRUN21)

Ýmislegt minna viðhald og frágangur fyrri framkvæmda (~~yfirstrikað er lokið~~):

- Tenging opnanlegra faga í kennara- og smíðastofu.
- Víxla opnanlegum fögum til að fá náttúrulega loftræstingu í nýja sérkennslustofu.
- ~~Frágangur á loftræstingu á salernunum sem voru endurnýjuð 2020~~
- ~~Uppsetning á hljóðdeyfiplötum í leikskóla (lokið að hluta gert af starfsmönnum skóla)~~
- ~~Loka aftur gati uppá loft úr textílgeymslu (sagað gat vegna lagnavinnu).~~
- Lykt í stofu í A horni eftir álmu. Opna stökk og þétta við vaskatengingu og niðurfall.
- Könnun á breytingu á innréttingu eldhúss í leikskóla til að bæta vinnuaðstöðu.
- Kostnaður vegna aðgerða á leiksvæðum fellur væntanlega á þetta verk.

Staða: Í sumar var múrað í þrep úti á skólalóð sem voru að valda slysaættu. Loftræsting á salernum var frágengin fyrir upphaf skóla. Áður hafði verið lokað fyrir gat í textílgeymslu. Kaup á nýrri uppþvottavél í leikskóla mun falla undir þennan lið.

Áætlun: Taka þarf stöðuna og ákveða ráðstöfun/forgangs röðun þegar hún liggur fyrir.

Auðarskóli, leiksvæði (LEIKSV)

Viðhald og endurbætur vegna athugasemda við aðalskoðun leiksvæða Auðarskóla. Ath að ekki er sér liður fyrir þessu í fjárhagsáætlun og fer sennilega af áætlun fyrir GRUN21.

Staða: Unnið er að uppsetningu þeirra íhluta sem eru komnir.

Áætlun: Ath hvort fjármagn sé í að setja nýjar gúmmímottur við eina rólu við leikskóla. Kostnaðarsamar aðgerðir eins og grindverk á sparkvelli o.fl. gæti beðið lengur, en nauðsynlegt að setja í áætlun.

Silfurtún, viðhald (SILFUR21)

Endurnýjun gólfefna og eldhúsinnréttingar í tveimur íbúðareiningum. Þétting utan með nýjum gluggum í norðurálmum og yfirferð þéttlista opnanlegra faga í suðurálmum. Endurnýjun/viðgerð á pumpum á svalahurðum. Viðgerð á útvegg og gólfefni vegna raka í nokkrum íbúðarrýmum. Uppsetning á hljóðdeyfiplötum í matsal/miðrymi.

Styrkur fékkst frá framkvæmdarsjóði aldraðra í hluta framkvæmda.

Staða: Búið að endurnýja gólfefni og innréttingu í einu íbúðarrými. Búið að fá tilboð og staðfesta í ljósleiðarainntak hjá Mílu. Nýr lyfjaskápur hefur verið pantaður og fer á þetta verkefni.

Unnið er að endurnýjun á einu íbúðarrými. Gólfefni hefur verið lagt og innrétting rétt kominn á staðinn. Vinnu á að ljúka um mánaðarmótin ágúst/september.

Rafverktaki hefur fengið lista af verkefnum sem varða lýsingu, neyðarljós o.fl. Efnisöflun er hafin og mun vinna listann niður í áföngum í samráði við forstöðumann og takmarkanir innan heimilis.

Fenginn hefur verið verktaki í þéttingar með gluggum norðurálmum. Unnið er að efnisöflun og verður verkið unnið í september.

Áætlun: Þegar úthlutað verkefni eru langt komin verður staðan metin og verkefnum forgangsraðað.

Fráveita, útrás (FRÁVEITA21)

Niðurföll og malbikun við hafnarsvæði, frágangur eftir lagningu stofnlagnar síðasta haust.

Innkaup og undirbúningur hreinsistöðvar fyrir útrás frá Búðardal. Uppsetning áætluð 2022.

Staða: Búið að sækja um styrk til ríkisins vegna framkvæmda 2020 og áætluðum framkvæmdum 2021-24.

Áætlun: Gilbert hefur verið fenginn í gröft og niðursetningu niðurfalla og lagna. Verið er að leita verða hjá tveimur malbikunarverktökum í malbikun.

Gatnagerð (GÖTUR21)

Undirbúningur og jarðvegsskipti fyrir lengingu lðjubrautar í nýskipulögðu iðnaðarhverfi. Flytja þarf núverandi gróðurtipp og koma upp á nýjum stað. Frágangur á uppgreftri vegna lengingu Bakkahvamms.

Staða: Færsla á gróðurtipp hefur verið samþykkt af skipulagsnefnd, en eftir að grenndarkynna landeigendum Hrappsstaða. Deiliskipulag fyrir lðjubraut hefur verið staðfest hjá skipulagsstofnun.

Áætlun: Grenndarkynna nýja staðsetningu gróðurtipps. Mæla þarf rennisliskóta og sverleika frárennislagnana o.fl. vegna frumhönnunar lagna- og gatnakerfis í nýju iðnaðarhverfi. Stefnt á jarðvegsskipti síðsumars eða með haustinu.

Sorp, tunnuskýli og ílát (SORP21)

Kaupleiga á sorpílátum fyrir heimili og stofnanir, fyrsta árið af þremur. Smíði og uppsetning á tunnuskýlum fyrir stofnanir sveitarfélagsins og grenndarstöðvar fyrir sumarhús.

Staða: Gámafélagið búið að afhenda öll ný ílát. Búið að smíða öll skýli nema þau tvö sem eru á Skógarströnd.

Áætlun: Klára smíði á tunnuskýlum. Ýta þarf við Gámafélaginu um að skila inn tillögu að starfsmannaaðstöðu skv. tilboði.

Leifsbúð, frágangur og viðhald (LEIFS21)

Viðgerð á þakrennum og ýmis minni atriði eftir framkvæmdir síðasta árs.

Staða: Farin skoðunarferð með fulltrúum rekstraraðila.

Áætlun: Taka saman lista, forgangsraða og ráðstafa verkefnum. Flest unnin af rekstraraðilum í verktöku.

Fráveita, dren og myndun (DREN21)

Viðauki til að bregðast við óvirkum drenbarka ofan við lóðir Stekkjarhvamms 2, 4 og 6. Að auki verða fráveitustofnar myndaðir og ástand metið.

Staða: Búið að grafa upp drenbarka að lóð Stekkjarhvamms 4 og 6. Barki lá í hæðum og ekki vatnshalli, mikil drulla í honum eftir því. Barkinn áfram til norðurs var smúlaður, kom tappi og mikið vatnsmagn sem var tært og talið að hann sé í lagi og muni virka áfram. Skurður var grafinn uppí dýið og allar líkur á að lekinn komi úr fráveitubrunnu í brekkunni frá MS. Lagnaefni er komið á staðinn.

Áætlun: Leggja nýja drenlög í opna skurði, loka með drenmöl og dúk og ganga frá yfirborði.

Dalabyggð, viðhaldsverkefni á rekstrardeildum:

4301 Vatnsveita - bilanir, brunahanar og endurbætur

Viðgerðir á bilunum og leka á vatnsveitukerfi. Viðauki staðfestur í júní fyrir úrbótaverkefnum:

- Yfirferð/úttekt á stöðu brunahana
- Hylja stofnlögn við Fáskrúð og hjá Glerárskógum
- Tyrfa við Búðarbraut (vegna leka frá hausti 2020)
- Slitlagsviðgerð í Sunnubraut (eftir leka frá apríl sl.)
- Skipta út brunahana í Sunnubraut (hani til)
- Setja niður nýjan brunahana (hani til)
- Þrif á miðlunartank
- Þrýstingsdæla á inntak í Dalabúð (þrýstingsvandamál í Dalabúð, grunnskóla og á tjaldsvæði)

Staða: Leki hefur komið upp í stofninum í Sunnubraut, við inntök Sunnubrauta 12 og 14 og við Sælingsdalstungu. Von er á verðum í búnað vegna þrýstidælu í Dalabúð. **Búið að þökuleggja við Búðarbraut, eftir að loka klæðningu á Sunnubraut.**

Áætlun: Taka saman lista og ráðstafa verktökum á verkefni og fogangsraða (frágangur og brunahanar fyrst). Farið fljótlega á yfirborðsfrágang hjá eldri bilunum.

0565, Eiríksstaðir - viðhald

Þjónustuhúsið var lagfært mikið 2020 (A-gafl klæddur, nýtt gólfefni, kaup á þakjárnri o.fl. viðhald), hluti af frágang og vinna við ásetningu á nýju þakjárnri fellur á þessu ári. Viðgerð á stromp og smá viðbætur á innanverðar hleðslur. Bunga á langvegg við aðalinngang kallar í stórtækar aðgerðir sem fyrst, ath í fjárhagsáætlun.

Rekstraraðilar fengu styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða í viðhald salerna og hellulagna, stígagerð og bætt aðgengi fatlaðra.

Staða: Búið að klæða þak þjónustuhúss.

Áætlun: Taka saman lista, forgangsraða og ráðstafa verkefnum. Flest unnin af rekstraraðilum í verktöku. Rekstraraðili framkvæmir sjálfur fyrir styrk, verkefni er í undirbúning. **Verður unnið núna í haust.**

31301, Stjórnarsýsluhús - viðhald og endurbætur

Vaskar á salernum 2. hæðar endurnýjaðir. Uppsetning á hljóðdeyfiplötum í fundarsal. **Málun á hurðum í aðalinngang.**

Staða: Búið að skipa út vöskum. Búið að útvega hljóðdeyfiplötur.

Áætlun: Ráðstafa verktaka í uppsetningu á hljóðdeyfiplötum. **Láta mála hurðar í aðalinngang fyrir alþingiskosningar.**

6511, Hitaveita á laugum – viðhald

Fá úttekt ÍSOR á borholum og tillögur að aðgerðum og viðhaldi. Skoða hvort þurfi að girða eða merkja með viðvörðunarskiltum kringum aðal borholu.

Staða: Fengum tilboð frá ÍSOR í úttekt 2020.

Áætlun: Hafa samband við ÍSOR um uppfært tilboð og að koma í úttekt í haust. Skoða aðrar aðgerðir.

1059, Götuljós - viðhald

Ófyrirséð viðhald. Skipta út eldri lömpum fyrir LED.

Staða: Til á lager nokkrir LED-lampar.

Áætlun: Ákveða hvar eigi að skipta um lampa, ráðstafa til verktaka.

Verkefni, nánar (verkefnakóti)

Stutt lýsing á verkefni og hvað eigi að gera.

Staða: Verkstaða

Áætlun: Verkáætlun/ næstu skref